

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/609
komudagur 30.11.2007



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

27.11.2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun, þingmál 191.

Til umfjöllunar í allsherjarnefnd er nú frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun, þskj. 205, mál nr. 191. Frumvarp þetta var ekki sent SA til umsagnar en fjarskiptafyrirtæki sem aðild eiga að SA hafa fengið frumvarpið til umsagnar frá nefndinni.

Við lestur frumvarpsins kemur í ljós að ætlunin er að breyta gildandi lagareglum um fjármögnun samræmdar neyðarsímsvörunar. Samkvæmt gildandi lögum 25/1995 bera ríkissjóður og sveitarfélög til helminga kostnað við uppbyggingu og rekstur. Með yfirlýsingu fjármála- og félagsmálaráðherra árið 1996 tók ríkissjóður hins vegar að sér að fjármagna hlut sveitarfélaga án þess að núgildandi lögum hafi þá verið breytt.

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er ætlunin að: „Kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar, að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir þá þjónustu sem vaktstöðin veitir, greiðist úr ríkissjóði, m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga”

Þessi lagatexti er skýrður svo í athugasemdum með 8. gr. frumvarpsins: „3. mgr. greinarinnar er að mestu samhljóða 4. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að hlutdeild sveitarfélaga í kostnaði hefur verið felld niður. Lagt er til að viðbótarfjármögnun fái með svokölluðu jöfnunargjaldi sem skilgreint er í fjarskiptalögum”.

Þannig virðist ætlunin skv. athugasemdum frumvarpsins að „viðbótarfjármögnun” neyðarsímsvörunar þe. umfram tekjur af seldri þjónustu verði nú tekin af jöfnunargjaldi, úr jöfnunarsjóði alþjónustu sem er í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Jöfnunarsjóður alþjónustu er fjármagnaður með því að innheimta 0,12% gjald af veltu fjarskiptafyrirtækja. Tilgangur jöfnunargjaldsins sem er lögfest í fjarskiptalögum er að fjármagna alþjónustu. Alþjónusta er skilgreind í 6. tl. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 sem:

„Afmargaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra”. Rekstur vaktstöðvar fyrir samræmda neyðarsvörun getur því ekki telst til alþjónustu.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfasími:
591 00 50

Neffang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins leggja því til að seinni hluti 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins falli brott, þe. sá texti 3. mgr. 8. gr. þar sem mælt er fyrir um að fjármagna megi neyðarsímsvörun:

„M.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga“ .

Virðingarfyllt,

Jón R. Pálsson

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is